

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 128, 193  
komudagur 21.11.2002


BN/jhb  
B.1121/2002.

Reykjavík 19. nóvember 2002.

Borist hefur til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis með bréfi, dags. 6. þ.m., frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál.

Umsögn mín tekur eingöngu til viðurlagaákvæða frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting frá refsíákvæðum gildandi laga á þessu sviði að lýst verði nánar þeim brotum sem refsing er lögð við í stað hefðbundinna ákvæða, sem leggja almennt refsingu við brotum á viðkomandi lögum, án nokkurrar sjálfstæðar verknaðarlýsingar. Er sú framsetning sem frumvarpið geymir í mun betra samræmi við meginregluna um lögbundnar refsheimildir, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og óskráðar kröfur um skýrleika refsheimilda. Þá er tekið undir það álit sem kemur fram í athugasemdum við XIV. kafla frumvarpsins að varnaðaráhrif og virkni refsíákvæða verði meiri ef betur er skilgreind í lögum sú háttsemi sem varðar refsingum.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229